



## **Fundargerð 78. fundar dómara nefndar SSÍ mánudaginn 5. mars 2018**

**Mættir:** Bryndís Sigurðardóttir, Sigurður Ó. Guðmundsson, Sigurbór Sævarsson, Björn Valdimarsson, Hilmar T. Björgvinsson og Viktoría Gísladóttir.

**Boðuð forföll:** Lilja Ósk Björnsdóttir, Hilmar Örn Jónasson.

### **Fundur settur kl. 17:30**

1. Lagðar fram umsóknir alþjóðadómara Íslands vegna tveggja sundmóta sem haldin verða annarsvegar í Helsinki Finlandi í júlí og hinsvegar í Glasgow Skotlandi. Umsóknum vísað til stjórnar SSÍ til meðferðar.
2. Viktoría geindi frá ferð til Eskifjarðar. Emil Örn Harðarson og Viktoría héldu dómara námskeið og Splas námskeið í tenglum við Hennýjar mót sem haldið er þar árlega. 9 nemar voru á dómara námskeiðinu og svipaður fjöldi var á Splas námskeiðinu. Í framhaldinu var svo keyrt sundmót sem þau voru ánægð með hvað það gekk vel.
3. Tillaga kom frá nefndarmanni um að breyta fundartíma úr 17:15 í 17:30 og hugmynd um að halda fundi einnig í Hafnarfirði og Reykjanesbæ. Voru fundarmenn alveg sáttir og samþykktu einróma.
4. Næsta dómara námskeið verður í Ásvallalaug 5. Apríl 2018 kl 18:00
5. Sigurður Óli bar upp erindi um flísamál í Ásvallalaug og lausnir á því máli vegna fyrirhugaðra sundmóta næstu misseri.
6. Sigurður Óli kom með ósk frá sundknattleiksfélagi SH um að auglýsa eftir dómurum á námskeið í dómgæslu í sundknattleik. Það vantar dómara í þessa sundíþrótt og verður það auglýst þegar nánari upplýsingar berast frá sundknattleiksdeild Íslands.

*Næsti fundur verður í Ásvallalaug Hafnarfirði miðv.daginn 4. apríl 2018*

**Fundi slitið kl 19:00**